

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 125/2013

2013/EES/67/24

frá 14. júní 2013

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012 frá 16. nóvember 2012 um sameiginlega öryggisaðferð við eftirlit landsbundinna öryggisfyrivalda eftir að öryggisskírteini eða öryggisheimild hefur verið gefin út <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2012 frá 16. nóvember 2012 um sameiginlegar öryggisaðferðir fyrir vöktun sem járnbrautarfyrirtæki, stjórnendur grunnvirkja eiga að beita, að fengnu öryggisskírteini eða öryggisheimild, og aðilar sem sjá um viðhald <sup>(2)</sup>.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 42eg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„42eh. **32012 R 1077**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012 frá 16. nóvember 2012 um sameiginlega öryggisaðferð við eftirlit landsbundinna öryggisfyrivalda eftir að öryggisskírteini eða öryggisheimild hefur verið gefin út (Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 3).

42ei. **32012 R 1078**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2012 frá 16. nóvember 2012 um sameiginlegar öryggisaðferðir fyrir vöktun sem járnbrautarfyrirtæki, stjórnendur grunnvirkja eiga að beita, að fengnu öryggisskírteini eða öryggisheimild, og aðilar sem sjá um viðhald (Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 8).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1077/2012 og (ESB) nr. 1078/2012, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.